

Sagan af Lyga-Tátu

1. Hvað hétu eldri systur Tátu?

- Ása og Signý.
- Álfheiður og Guðný.
- Ásta og Dagný.

2. Hvað er átt við með því þegar sagt er að Táta var „blandin“?

- Að hún hafi verið heiðin.
- Að hún hafi verið lík bæði föður sínum og móður.
- Að hún hafi verið undirföru og viðsjál.

3. Af hverju ákvað Táta að koma foreldrum sínum og systur fyrir kattarnef?

- Hún hélt að þau ætluðu að senda hana burt.
- Hún sá fram á að verða neydd til að vinna.
- Hún vildi prófa hvernig það væri.

4. Hvernig drap hún fjölskyldu sína?

- Hún brenndi þau inni.
- Hún eittraði fyrir þeim.
- Hún hrinti þeim fyrir björg.

5. Sögumaður talar um „afreksverk“ Tátu þegar hún drepur fjölskyldu sína. Hvað á hann við með því?

- Hann er að lýsa aðdáun sinni á persónunni Tátu.
- Honum finnst mikið til þess verks koma.
- Hann beitir háði til að sýna neikvæða afstöðu til atburðarins.

6. Hvern drap hún fyrst eftir að hún kom í kóngsríki?

- Bryta konungs.
- Eldabuskuna.
- Siðameistara hirðarinnar.

7. Hvaða brögðum beitir Táta til að blekkja kóng og drottningu?

- Hún slær þeim gullhamra.
- Hún ber við minnisleysi.
- Hún þykist vera alvitur.

8. Hvernig gekk Táta frá drottningunni?

- Hún fleygði henni ofan úr kastalaterni.
- Hún stakk hana með hníf.
- Hún hrinti henni ofan í brunn.

9. Hvernig drap Táta föður kóngsins?

- Hún skar úr honum tunguna.
- Hún sveltir hann til dauða.
- Hún drekkti honum.

10. Minni í hvaða þekkta franska ævintýri birtist í sögunni?

- Ævintýrið um Gosa.
- Ævintýrið um Mjallhvíti.
- Ævintýrið um Bláskegg.

11. Hvernig er þessi saga flokkuð?

- Sem draugasaga.
- Sem helgisaga.
- Sem ævintýri.

Sagan af Helgu karlsdóttur og systur hennar

1. Hvað hétu eldri systur Helgu?

- Ása og Signý.
- Ása og Dagný.
- Það kemur ekki fram.

2. Hvað merkir að „sitja aldrei á sárshöfði við einhvern“?

- Grípa hvert tækifæri til að deila við einhvern.
- Að hárreita einhvern.
- Að forðast það að deila við einhvern.

3. Að hvaða leyti voru aðstæður Helgu ólíkar aðstæðum hinna á heimilinu?

- Hún var í uppáhaldi hjá foreldrum sínum.
- Hún var höfð útundan á heimilinu.
- Hún var látin stjórna eldri systur sínum.

4. Hvað þótti konungssyninum skemmtilegast að gera?

- Veiða.
- Syngja.
- Tefla.

5. Hvernig komu systurnar foreldrum sínum fyrir kattarnef?

- Þær kveiktu í fötum þeirra.
- Þær eitruðu fyrir þeim.
- Þær grófu þau lifandi.

6. Hvernig voru hestarnir sem móðir Helgu vísaði henni á?

- Þeir voru með horn.
- Þeir voru vængjaðir.
- Þeir voru allir hvítir.

7. Í hvaða röð notaði Helga hestana?

- Hún notaði þann svarta fyrst, síðan þann hvíta og svo rauða hestinn.
- Hún notaði þann hvíta fyrst, svo þann svarta og loks rauða hestinn.
- Hún notaði þann svarta fyrst, svo þann rauða og loks þann hvíta.

8. Hvað vann Helga margar skákir fyrst þegar hún tefldi við kóngsson?

- Eina skák.
- Tvær skákir.
- Þrjár skákir.

9. Hvað gerðu systur hennar til að eiga möguleika á að passa í skóinn?

- Þær settu fætur sína í pressu um nóttina.
- Þær hjuggu tærnar framan af fótunum.
- Þær skáru aftan af hælnum á sér.

10. Hvernig má segja að það sé órökrétt af systrunum að reyna að passa í skóinn?

- Sárin á fótunum mundu alltaf sjást.
- Kóngsson vissi fullvel að þær áttu ekki skóinn, því hann var með þeim þegar hin stúlkan birtist.

11. Á hvaða þekkta ævintýri minnir sagan um skóinn okkur?

- Ævintýrið um Bláskegg.
- Ævintýrið um Mjallhvíti.
- Ævintýrið um Öskubusku.

Svarta pilsíð

1. Af hverju hafnaði stúlkan bónorði sóknarprestsins?

- Henni fannst hann ófríður.
- Hún vildi ekki upplifa þjáninguna við að ala börn.
- Hún var afhuga karlmönnum.

2. Hvaða leiðbeiningar fékk stúlkan með svarta pilsinu?

- Að hún ætti einungis að þvo það tvisvar á ári.
- Að hún ætti að snúa því á rönguna annað hvert ár.
- Að hún mætti aldrei fara úr því.

3. Hvaða nótt fóru þau stúlkan og vinirnir tveir í kirkju til aftansöngs?

- Á föstudaginn langa.
- Á jólanótt.
- Á Jónsmessunótt.

4. Hvað sögðu öll börnin við stúlkuna?

- Illa gerðir þú móðir mín að varna mér lífs.
- Vond varstu móðir mín að leyfa mér ekki að lifa.
- Hvað gengur eiginlega að þér stúlka?

5. Hvað sagðist fyrri drengurinn hafa átt að verða?

- Landshöfðingi.
- Fógeti.
- Biskup.

6. Hvað eignuðust þau hjón mörg börn?

- Eitt.
- Tvö.
- Þrjú.

7. Í hvað flokk þjóðsagna setjum við söguna Svarta pilsíð?

- Galdrasögur.
- Helgisögur.
- Álfasögur.

Axlar-Björn

1. Hvers vegna ætli Björn hafi verið kallaður Axlar-Björn?

- Af því að hann sótti öxi upp í fjallið
- Af því að hann bjó á Öxl
- Af því að hann meiddist á öxl þegar hann var drepinn
- Af því að öxin varð honum að falli

2. Krossaðu við rétt svar. Móðir Björns drakk...

- eigið blóð
- mysu á hverjum morgni
- blóð úr manni sínum
- blóð sonar síns

3. Hvað olli illum grun manna um að ekki væri allt með felldu í kringum Björn?

- Fjöldi hesta Björns vakti grun um illvirki hans
- Konan hans þótti lauslát
- Það fannst mikið þýfi heima hjá Birni
- Björn fór til róðra vestur undir Jökul

4. Á hvaða öld gerast þeir atburðir sem greint er frá í sögunni?

- Á 15. öld
- Á 16. öld
- Á 17. öld
- Á 18. öld

5. Hvaða dag var Björn handtekinn?

- Á jóladag
- Á nýársdag
- Á sumardaginn fyrsta
- Á páskadag

6. Hvað á Björn við þegar hann segir: „Einn er þó enn eftir og væri hann betur af“?

- Hann á við að einn hestur sé enn heima
- Að búið sé að höggva annan fótinn
- Að eftir sé að hálshöggva hann
- Að hann standi einn á móti öllum

7. Hvernig var hægt að staðfesta að Björn hefði drepið Sigurð, vinnumann Ingimundar hreppstjóra?

- Stolnir silfurhappar í peysu Björns staðfestu sök hans
- Hestarnir voru sönnunargagnið
- Eiginkonan sagði frá því hvernig Björn myrti Sigurð
- Kerlingin í baðstofunni sagði frá morðinu á Sigurði

Sveinn skotti

1. Hverra manna var Sveinn skotti?

- Ekkert er vitað um ætt hans.
- Hann var sonur Axlar-Björns.
- Hann var sonur Guðbrands prests á Brjánslæg.

2. Á hvaða öld var Sveinn skotti uppi?

- 15. öld.
- 16. öld.
- 17. öld.

3. Hvað nam Sveinn af Jóni Sýjusyni?

- Galdur.
- Norræn fræði.
- Latínu.

4. Hver eftirtalinna lýsinga er sögð hafa átt við Björn?

- Hann var góðmenni mikið og vandur að virðingu sinni. Ekkert mátti hann aumt sjá án þess að hann reyndi að veita sitt liðsinni.
- Hann þótti kunnur að illu einu, en enginn var hann hugmaður eða þrekmaður.
- Hann var þóttafullur og baldinn og mikill þrekmaður. Hafði enginn hann undir í glímu.

5. Hvað samning er Sveinn sagður hafa gert við djöfulinn?

- Hann veðsetti sig honum til þess að enginn fjötur gæti haldið sér.
- Að skrattinn myndi gera hann ódauðlegan ef hann fengi sál hans.
- Hann veðsetti sig honum gegn því að veraldlegréttvísi hefði aldrei hendur í hári hans.

6. Hvaða skýring var gefin á því að konu bóndans í Rauðsdal tókst að komu böndum yfir Svein?

- Hún var einnig hendbendi skrattans.
- Hún lét binda hann með reifalinda, en slíkt band var ekki tekið fram í samningi Sveins við djöfulinn.
- Að Björn hefði sjálfur brotið samninginn við djöfulinn með því að skrifa fyrir presti.

7. Hver urðu afdrif Sveins skotta?

- Hann hvarf einn góðan veðurdag og sást aldrei síðan.
- Hann var hengdur í Rauðuskörðum 1648.
- Hann datt fyrir björg árið 1678.

8. Hver urðu afdrif Gísla sonar Sveins?

- Hann lauk ævi sinni sem biskup.
- Hann sigldi utan og fórst í hafi.
- Hann var hengdur í Dyrhólum.

Kirkjubæjarklaustur

1. Hverjir eru taldir fyrst hafa búið austur á Síðu í Skaftafellssýslu?

- Fyrstu biskupar landsins.
- Papar.
- Ingólfur Arnarson og Hjörleifur fóstbróðir hans.

2. Hvað er „nykur“?

- Jódynur álfahesta.
- Mannýgt naut.
- Hestur sem býr í vötnum.

3. Hver var fyrsti norræni landnámsmaðurinn á Síðu?

- Arinbjörn hersir.
- Ketill fíflski.
- Skallagrímur Kveldúlfsson.

4. Hverrar trúar var Ketill fíflski?

- Hann trúði á Óðin og Þór.
- Hann var kristinn.
- Hann var trúleysingi.

5. Hvað var sett á fót í Kirkjubæ árið 1186?

- Biskupssetur fyrir farandbiskupa.
- Munkaklaustur.
- Nunnuklaustur.

6. Hvað kallast vatnið fyrir ofan Kirkjubæ, þar sem sagt er að nunna hafi farist?

- Báruvatn.
- Nyksvatn.
- Systravatn.

7. Hvar var munkaklaustur nærri kirkjubæ?

- Á Þykkvabæ í Álftaveri.
- Í Vík í Mýrdal.
- Á Fagurhólsmýri.

Loppa og Jón Loppufóstri

1. Hvers konar vera var Loppa?

- Flagðkona eða tröll
- Nykur.
- Álfkona.

2. Hvað var Jón að gera þegar hann var numinn brott af Loppu og systur hennar?

- Hann var að smala fé.
- Hann var á skemmtigöngu.
- Hann var við fjallagrasatínslu.

3. Hvernig stóð á því að Jón stækkaði mikið?

- Hann fékk svo mikið að borða.
- Loppa og systir hennar teygðu reglulega á honum.
- Fjallaloftið var svo heilnæmt.

4. Hvað gerði Jón sér upp er hann hugðist reyna að flýja frá Loppu?

- Heimsku.
- Óráð.
- Veikindi.

5. Hvað sagði Jón að væri það eina sem gæti fengið honum bata?

- Kæst skata.
- Hertur áll.
- Tólf ára gamall hákarl.

6. Hvað bað Jón að yrði gert er hann kom að kirkjunni á Illugastöðum á flóttu sínum undan Loppu?

- Að kirkjuklukkunum yrði hringt.
- Að allir legðust á bæn.
- Að kveikt yrði í kirkjunni.

7. Hvað lifði Jón lengi eftir að hann komst undir mannahendur aftur?

- Einn dag.
- Tvo daga.
- Þrjá daga.

Móðir mín í kví, kví

1. Hvað gerði konan í sögunni við barnið sitt?

- Hún gaf það barnlausum hjónum.
- Hún bar það út.
- Hún seldi það skrattanum.

2. Hvað segir almennt um útburð barna í sögunni?

- Að það hafi verið mjög sjaldgæft á þessum tíma.
- Að það hafi ekki verið ótítt á þessum tíma.

3. Hvernig eru gjörðir konunnar að hluta til réttlættar í sögunni?

- Höfundur talar um að engin leið hefði hvort eð er verið að konan gæti alið önn fyrir barninu.
- Höfundur vísar í heiðinn sið.
- Höfundur talar um þungar refsingar fyrir að eiga barn utan hjónabands.

4. Hvernig er vikivaki skýrt í sögunni?

- Að það hafi verið sérstök gleði.
- Að það hafi verið trúarleg athöfn.
- Að það hafi verið þrettándagleði.

5. Af hverju treysti konan sér ekki að fara á vikivakann?

- Hún vissi að barnsfaðir sinn yrði þar.
- Það var of langt að fara.
- Hún átti ekki nógu fín föt.

6. Hver ætli tilgangurinn sé með endurtekningunum í þulunni?

- Að auka áhrifamátt orðanna.
- Að vera viss um að konan heyrði hvað sagt var.
- Til að allar rímreglur séu réttar.

7. Hvað varð um konuna?

- Hún flutti burt úr sveitinni.
- Hún giftist og varð merkiskona.
- Hún varð vitstola.

Útburður segir til sín

1. Hvert var erindi fólksins í sögunni upp á heiðina?

- Þau voru að leita eftirlegukinda.
- Þau voru að tína grös.
- Þau voru að skemmta sér.

2. Hvað var það sem skaut skelk í bringu annarrar stúlkunnar?

- Hún sá ísbjörn.
- Hún heyrði undarlegt vein og gráthljóð.
- Hún taldi sig hafa séð Þorgeirsbola.

3. Hvað fundu stúlkan og piltarnir tveir í gildraginu?

- Beinagrind af ungbarni.
- Dauðan fugl.
- Gunnu í öngviti.

4. Hvernig brást Gunna við er hún snerti pokann með beinunum í?

- Hún fann ekki fyrir neinu.
- Hún varð samstundis fárveik.
- Hún hló.

5. Hvað var gert við Gunnu þegar ódæði hennar varð uppvíst?

- Það kemur ekki fram.
- Hún var rekin burt úr sveitinni.
- Hún var dæmd til hýðingar.

6. Á hvaða árstíð var farið til grasa?

- Á sumrin.
- Á haustin.
- Á vorin.

Hólgöngur Silunga-Bjarnar

1. Hvar bjó Björn þessi sem sagan fjallar um?

- Í Eyjafirði.
- Í Fnjóskadal.
- Í Snóksdal.

2. Hvað bað Björn Sigurð að gera?

- Að sinna amorskröfum konunnar.
- Að flýja strax ef konan byði honum faðminn.
- Að þykjast ekki taka eftir konunni.

3. Hvað var þeim félögum boðið að borða inn í hólnum?

- Magál og laufabrauð.
- Súrsaðan blómörskepp.
- Steiktan silung, brauð og grjónagraut.

4. Hvað merkir orðið skjalari?

- Angurgapi.
- Lygari.
- Skjallari.

5. Hvað merkir „útnorður“?

- Norðanátt hafi af hafi.
- Norðaustur.
- Norðvestur.